



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/113

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/2265*  
*komudagur 6.6.2002*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
heilbrigðis- og trygginganefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

6. júní 2002

**Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál.**

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 13. f.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Tilgangur frumvarpsins er að „efla lýðheilsu“. Með því mun átt við aðgerðir til að viðhalda og bæta heilsu afmarkaðra hópa og/eða þjóðarinnar almennt. Sérstök stofnun, Lýðheilsustöð, skuli sett á laggirnar til að vinna að þessum markmiðum. Undir lögum og þar með Lýðheilsustöðina skuli m.a. fella núverandi lögbundna starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs, tóbaksvarnanefndar, manneldisráðs og slysavarnaráðs, og lög um þessar nefndir skulu felld úr gildi. Auk þessarar lögboðnu starfsemi skal Lýðheilsustöð taka yfir margvíslegt annað heilsu- og forvarnastarf, sem hið opinbera beint og óbeint tengist nú.

Um frumvarp þetta óskar SÍT að hreyfa eftirfarandi atriðum:

1. Ástæða er til að ætla, að stofnun og starfræksla Lýðheilsustöðvar gæti styrkt það lýðheilsustarf, sem hér á landi er sinnt nú af fjölmörgum aðilum. Slík stofnun gæti örugglega haft hlutverki að gegna sem samræmingaraðili, og með atbeina þeirra ráða, sem undir hann eiga að falla, sýnt frumkvæði á þessu mikilvæga sviði. Á hitt ber að líta, að þeir fjölmörgu aðilar, sem láta sig varða lýðheilsu nú, hvort sem það tengist opinberum aðilum eða frjálsum félagasamtökum, leggja á sig mikla vinnu, sem lítt eða ekkert er greitt fyrir. Þessir aðilar njóta stundum einhverra fjárstyrkja frá hinu opinbera, sem iðulega skiptir sköpum fyrir þessa starfsemi, þótt fjármunirnir, sem hið opinbera lætur af hendi rakna, séu í raun litlir. Tryggja þarf, að Lýðheilsustöð, sem verður ríkisstofnun, drepi ekki í dróma það fjölbreytta og mikla áhuga- og sjálfbóðaliðastarf, sem hér á landi þrífst nú þegar til eflingar lýðheilsu í víðasta skilningi þess orðs.

2. Oft hefur því verið borið við, að litið opinbert fé fái til forvarnastarfs á sviði heilbrigðismála. Á fjárlögum þessa árs, þ.e. 2002, munu um 165 milljónum króna hafa verið varið til þeirra aðila, sem fella á undir Lýðheilsustöð. Þá fjárhæð má alls ekki skerða, og raunar er auðvelt að rökstyðja að rétt væri að veita meiri fjármunum til slíkra verkefna. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins metur það svo, að verði frumvarpið að lögum muni kostnaður aukast um 18 milljónir króna á ári til frambúðar, einkum vegna ráðningar forstjóra og fjármálastjóra o.þ.h., auk þess sem stofnkostnaður verður um kr. 5 milljónir og biðlaunaréttur, sem til gæti stofnast, gæti numið allt að kr. 3 milljónum. Brýnt er, að þessi viðbótarkostnaður, sem fellur á ríkissjóð vegna stofnunar og starfrækslu Lýðheilsustofnunar verði ekki fjármagnaður með því að skerða að sama skapi það ráðstöfunarfé, sem til þessa hefur verið veitt á fjárlögum í forvarnarstarf á heilbrigðissviði og í lýðheilsustarf.
  
3. Við gildistöku frumvarps um Lýðheilsustöð falla niður m.a. lög nr. 76/1998 um áfengis- og vímuvarnaráð, lög nr. 45/1978 um manneldisráð, lög nr. 33/1994 um slysavarnaráð og hluti laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Í frumvarpinu er hins vegar mælt fyrir um að starf þessara ráða skuli falla undir hina nýju stofnun. Í athugasemdum með frumvarpinu segir orðrét: „Í frumvarpinu eru ákvæði um helstu verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs, en gert er ráð fyrir nánari ákvæði um skipan þeirra og hlutverk verði á reglugerðum“. Sú staðhæfing, að helstu verkefna þessara ráða sé að finna í frumvarpinu er ekki alls kostar rétt, a.m.k. ekki að því er varðar slysavarnaráð. Segir þannig í 8. gr. frumvarpsins einungis, að „hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Ráðið skal vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum og öðrum til ráðuneytis um allt sem lýtur að slysavörnum. Samræmd slysaskrá skal varðveitt hjá landlækni.“ **Þetta ákvæði er öldungis ófullnægjandi, einkum þó er varðar starfrækslu svonefndar Slysaskrár Íslands, sem vistuð er hjá landlæknisembættinu, og hér er væntanlega átt við með „samræmdri slysaskrá“ í frumvarpinu.** Skrá af því tagi, sem hér er um ræðir, verður eðli málsins samkvæmt að eiga sér lagastöð, enda er hér um skráningu og vörslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða. Lagastöðina um rekstur þessarar skrár er að finna í a. – lið 2. gr. laga nr. 33/1994 um slysavarnaráð. Verði þau lög felld niður án þess að taka upp í lög um Lýðheilsustöð skýr og afdráttarlaus ákvæði um starfrækslu slysaskráningar, hefur lagagrundvöllinum verið kippt undan þeirri stórmerkilegu skrá, sem Slysaskrá Íslands er að verða. Samkvæmt sömu lögum hefur verið skylt að gangast fyrir landsþingi um slysavarnir annað hvert ár. Til að viðhalda þýðingu þessa þings er nauðsynlegt, að áfram verði þess getið í lögum. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til, að 8. gr. frumvarpsins verði breytt, og hljóði greinin svo:

**„Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Ráðið skal vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum og öðrum til ráðuneytis um allt sem lýtur að slysavörnum.**


**Ráðið skal sjá til þess, að slys séu skráð, og sú skráning samræmd. Jafnframt skal ráðið hlutast til um úrvinnslu skráðra upplýsinga og birtingu þeirra. Slysskráin skal vistuð hjá landlækni.**

**Ráðið skal halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár.**

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð, þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.”**

Samband íslenskra tryggingafélaga er reiðubúið að skýra sjónarmið sín til frumvarps þessa frekar, verði eftir því óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Arnmannsson